



HAFNARFJÖRÐUR

Erindi sent:

Hafnarfirði 17.05.2016.

Hraunbrún 2, 2a og 4.

Garðavegi 11, 14,15,16, og 18.

GRENN DARKYNNING

Garðavegur 13 Hafnarfirði, sóttum leyfi til að hækka hús og stækka.

Breytingin felst í því að einbýlishúsið sem er að grunnni til frá 1943 (smkv. FMR) er hækkað um eina hæð götuhliðar megin, en um nýtanlega porthæð garð megin. Stærð hússins er samkvæmt FMR. 146,4 m². Heildar stærð húss eftir stækkun verður 244,2 m², og stækkar því húsið um 97,8 m².

Á 612. fundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 11.05. s.l. var eftirfarandi til umfjöllunar:

Birkir Marteinnsson og Halla Sigrún Sigurðardóttir sækja 04.05.16 um að reisa hæð ofan á steinsteypt hús samkvæmt teikningum Olgu Sigrúnar Sigfúsdóttur dags.29.04.2016

Niðurstaða fundar:

Skipulagsfulltrúi sendir erindið í grenndarkynningu samkvæmt 44.gr laga nr. 123/2010

Athugasemdir ef einhverjar eru skulu berast umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar, skriflega fyrir 18. júní n.k. Ef óskað er eftir nánari upplýsingum vinsamlegast hafið samband við umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

Í 44. gr. laga nr. 123/2010 segir:

Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag hvað varðar landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi getur skipulagsnefnd ákveðið að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar, enda fari áður fram grenndarkynning.

Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar sveitarstjórn hefur afgreitt málið skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar.



HAFNARFJÖRÐUR

Athugið:

Lögformlegur skilafrestur á athugasemdum er 4 vikur og eiga hagsmunaaðilar fullan rétt á að nýta sér hann. Á það er hins vegar bent að ef þeir sem fengið hafa bréf þetta senda inn samþykki sitt fyrir með því að skrifa uppá meðfylgjandi uppdraetti, telst það einnig fullgilt. Umsækjandi getur þá fyrir fengið tilskilin leyfi til að hefja framkvæmdir.

Pormóður Sveinsson

Pormóður Sveinsson arkitekt/skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar.

Hjálagt: 6 uppdraettir að fyrirhugaðri stækkun dags. 29.04.2016.